

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 22. október 2008

Gjaldeyrismál

Staðan á gjaldeyrismarkaði er lítið breytt og er temprun gjaldeyrisútflæðis enn við lýði. Bankarnir þrír – Glitnir, Landsbanki og Kaupþing – geta ekki afgreitt erlendar greiðslur nema í undantekningartilfellum skv. tilmælum Seðlabanka. Sparisjóðabanki Íslands hefur aftur á móti getað afgreitt erlendar greiðslur í flestum myntum í dag, en þó eru sem fyrr hnökrar á greiðslum milli Íslands og Bretlands.

Af hverju eru Íslendingar svona bjartsýnir?

Viðskiptaráð vekur athygli á grein eftir Finn Oddsson, framkvæmdastjóra ráðsins, sem birtist í Viðskiptablaðinu í dag. Í henni er fjallað um mikilvægi þess að stjórnvöld leggi fram og hefji framkvæmd á trúverðugri áætlun um endurreisn íslensks efnahagslífs svo leysa megi íslenskt atvinnulíf úr þeirri óvissu og biðstöðu sem nú ríkir. Greinina er hægt að lesa [hér](#).

Engin velferð án atvinnulífs

Viðskiptaráð vekur athygli á grein eftir Frosta Ólafsson, aðstoðarframkvæmdastjóra ráðsins, sem birtist í Markaði Fréttablaðsins í dag. Í henni er fjallað um alvarlega stöðu atvinnulífsins og mikilvægi réttar forgangsroðunar á verkefnalista stjórnvalda. Í ljósi þess að heilbrigt atvinnulíf er undirstaða velferðarkerfis er mikilvægt að huga að þeim þáttum í rekstrarumhverfi fyrirtækja sem nú eru í lamasessi. Greinina má nálgast [hér](#).